



Guðbjörg Lind: Eyjar.

Röð sýninga í Listasafni Ísfirðinga

Í LISTASAFNI Ísafjarðar, Safnahúsinu, Eyrartúni, verður sýningarröð hleypt af stokkunum kl. 16 á morgun með opnun á verkum Guðbjargar Lindar Jónsdóttur. Í sýningaröðinni verða kynnt verk þriggja ísfirskra listamanna sem fæddir eru um miðbik síðustu aldar. Auk verka Guðbjargar Lindar verður opnuð sýning á verkum ljósmyndarans Spessa 5. júní og Söru Vilbergsdóttur 7. ágúst

Guðbjörg er fædd árið 1961 og stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1979–1988. Hún hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Hún er af kynslóð myndlistarmanna sem kom fram með nýja málverkinu svokallaða á fyrri hluta níunda áratugarins eins og fram kemur hjá Ólafi J. Engilbertssyni í sýningarskrá. Hann segir nokkra úr þessum hópi síðar hafa tekið landslagið upp á arma sína og á síðustu tveimur áratugum hafi verið að myndast ný hefð landsmálverka á Íslandi. Landslagið er hætt að bera nafn og er sótt í langtímaminni listamannanna.

„Guðbjörg ólst upp í faðmi ísfirskra fjalla þar sem nánast þarf að líta beint upp til að sjá til himins. Í samræmi við þetta þrönga sjónsvið Ísfirðingsins staðsetur Guðbjörg sjóndeildarhringinn oft mjög ofarlega á myndfletinum. Með óvanalegu sjónarhorni nær hún fram þeim áhrifum að vera á mörkum þess huglæga og utan hlutveruleikans. Það er hér látið liggja milli hluta hvort Guðbjörg sé að vísa í landslag eða einfaldlega að beita svipsterkri myndbyggingu. Í þessu aðþrengda sjónarhorni er fólgin sérstaða Guðbjargar Lindar sem málara, en sérstöðu hennar má einnig sjá í öðrum þáttum eins og áferðaruppbyggingu fossúða og skúlptúrískri myndbyggingu með tilvísun í frumelementin vatn og jörð“, segir Ólafur J. Engilbertsson um verk Guðbjargar Lindar.

Sýningin stendur til 31. maí. Sjá má verk Guðbjargar Lindar á vefsvæðinu moment.is.